

Sp.

79. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. um meðferð opinberra mála verði lagt fyrir Alþingi.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að frv. það um meðferð opinberra mála, sem flutt var á Alþingi 1939 af allsherjarnefnd Ed., en varð eigi útrætt, verði lagt fyrir Alþingi á ný.

Greinargerð.

Enginn heilsteyptur lagabálkur er til hér á landi um meðferð opinberra mála. Reglur þær, sem eru í gildi hér að lútandi, eru á við og dreif í lögum og tilskipunum og eru margar hverjar orðnar gamlar og úreltar. 1939 var því skipuð nefnd þriggja sérfróðra manna til þess að endurskoða þessar reglur. Áttu í henni sæti þeir Bergur Jónsson, Einar Arnórsson og Stefán Jóh. Stefánsson. Vann hún mikið og gott verk og samdi frv. að lagabálki um meðferð opinberra mála. Þar voru reglur þær, sem nú gilda, færðar til einnar heildar og endurbætтар að ýmsu leyti. Var þar og gerð sú veigamikla breyting á einu af meginatriðunum í núverandi skipun þessara mála, að ákærvaldið var tekið úr höndum dómsmálaráðherra og fengið í hendur opinberum ákæranda.

Rekstur opinberra mála tekur nú óhæfilega langan tíma og er oft og einatt svo slægur, að ekki verður við unað. Sökum setu minnar í viðskiptaráði, er það fjallar um verðlagsmál, hef ég á undanförunum 3—4 árum haft nán kynni af meðferð verðlagsmála hjá sakadómaranum í Reykjavík og ýmsum sýslumönnum. Það hefur verið verðlagseftirlitinu til mikils trafala í starfi sínu og haft mjög skaðleg áhrif á virðingu manna fyrir settum verðlagsákvæðum, að yfirleitt hefur tekið óhæfilega langan tíma að kveða upp dómana, auk þess sem þeir hafa venjulega verið svo vægir, að um sáralitla refsingu hefur verið að ræða. Þýðing refsinga fyrir slík brot er auðvitað fyrst og fremst sú, að þær séu framvegis til varnaðar þeim, sem brotlegur gerðist, og öðrum. Meginhluti þeirra dóma, sem upp hafa verið kveðnir í verðlagsmálum, geta varla talizt hafa haft slík áhrif, og varð því viðskiptaráð að taka upp þá reglu að skýra opinberlega frá því, hverjir hlytu slíka dóma. Mun birting á nöfnum hinna seku oft og einatt hafa verið þyngri refsing en sú, sem dómariinn hafði ákveðið.

Sem dæmi um það, hversu langan tíma meðferð slíkra mála hefur tekið, má geta þess, að um og eftir áramótin 1944—45 kærði verðlagsstjóri 13 fyrirtæki fyrir brot á reglum um umboðslaun til umboðsmanna erlendis. Fyrsti dómur í þessum málum,

„heildsalamálunum“ svonefndu, féll í janúar 1946, hinn síðasti, sem upp hefur verið kveðinn, var felldur í október síðast liðnum, en í einu málinu hefur ekki verið dæmt enn þá. Hér er að vísu um yfirgripsmikil mál að ræða, en málsmeðferðin hefur samt tekið óhæfilega langan tíma. Mörg smámál mætti og nefna, sem dregizt hefur óeðlilega lengi að kveða upp dóma i. Það hefur t. d. tekið marga mánuði og jafnvel á annað ár að fá kveðna upp dóma yfir veitingasölum í sveitum ekki fjarri Reykjavík fyrir brot gegn reglum um verð á veitingum, og brotin haldið áfram á meðan, án þess að nokkuð væri hægt að hafast að. Sýslumaður einn, sem mjög lengi var búinn að draga að kveða upp dóm í slíku máli, það að síðustu um að fá sendan starfsmann úr verðlagseftirlitinu sér til aðstoðar, og var þá dómurinn loksins kveðinn upp.

Sleifarlagið, sem átt hefur sér stað á þessu sviði, er svo alvarlegt, að í skjalasafni verðlagseftirlitsins eru kærur, sem orðnar eru næstum tveggja ára gamlar, án þess að nokkur dómur hafi verið kveðinn upp. Er hér bæði um að ræða mál í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Skýrasta dæmið um ástand það, sem verið hefur í þessum málum, er þó e. t. v. kæra sú, sem verðlagsstjóri sendi 22. maí 1945 til sakadómarans í Reykjavík í tilefni af því, að flestar hárgreiðslustofur bæjarins höfðu bundizt samfökum um að hafa að engu gildandi verðlagsákvæði, en selja þjónustu sína nokkru dýrar. Málið var ekki tekið fyrir fyrr en 6. júní, þótt bent væri rækilega á nauðsyn þess að stöðva brotin þegar í stað. Rannsókn málsins stóð til 18. júlí. Enginn dómur var samt kveðinn upp, þrátt fyrir tilmæli þar að lútandi frá verðlagsstjóra. Leið svo og heið, þangað til í októberlok. Þá fyrst var málið sent í dómsmálaráðuneytið, en það fyrirskipaði þegar í stað málshöfðun. Síðan er nú liðið ár, og enn þá hefur dómur ekki verið kveðinn upp í þessu máli, þrátt fyrir munnlegar og skriflegar umkvartanir verðlagsstjóra bæði við sakadómarara og dómsmálaráðuneytið. Hér er um að ræða hneyksli, sem ekki má liggja í þagnargildi og hlýtur að vekja til umhugsunar um, að ástand það, sem ríkt hefur í þessum málum, er algerlega óviðunandi.

Það mætti undarlegt heita, ef verðlagsmálin hefðu verið sérstakt olnbogabarn héraðsdómaranna meðal opinberu málanna. Þótt ég geti ekkert um það full-yrt, þykir mér líklegt, að meðferð margra annarra opinberra mála hafi ekki tekið því mikið fram, sem nefnt hefur verið. Ég er þeirrar skoðunar, að það mundi verða til mikilla bóta, ef skipaður yrði opinber ákærandi, sem ábyrgð bæri á meðferð þessara mála. Ég er enn fremur þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að hafa ákærvaldið í höndum pólitískis ráðherra, þótt ég muni ekki reyna að leiða rök að því hér. En þar sem ég álit skipun opinbers ákæranda nauðsynjamál og einnig það, að sett séu heildarlög um meðferð opinberra mála, en frv. um þessi efni hefur verið samið af stjórnskipaðri nefnd og legið fyrir Alþingi, ber ég þessa þingsályktunartillögu fram.